

## Skólanefndarfundur miðvikudaginn 17. maí kl. 16:15-18:15

**Mættir:** Arna Ásgeirsdóttir, Ásta Svavarsdóttir, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Herdís Þ. Sigurðardóttir, Hjálmar Bogi Hafliðason, Jóney Jónsdóttir, Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir og Sigurgeir Höskuldsson.

**Fundarstjóri:** Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir.

**Fundarritari:** Herdís Þ. Sigurðardóttir.

**Forföll:** Margrét Nína Sigurjónsdóttir forfallaðist, ekki náðist í varamann. Gunnar Árnason forfallaðist, Ásta Svavarsdóttir kom í hans stað, Brynhildur Elvarsdóttir forfallaðist, Arna Ásgeirsdóttir mætti í hennar stað.

### 1. Formannsval

Tveir buðu sig fram til formennsku í nýrri skólanefnd:

Hjálmar Bogi Hafliðason

Sigurgeir Höskuldsson

Nefndarmenn kusu á milli frambjóðenda og urðu úrslit kosningar á þann veg að Sigurgeir var kjörinn með fjórum atkvæðum gegn einu.

Fráfarandi formaður, Lilja B. Rögnvaldsdóttir, þakkaði fyrir lærdómsríkan tíma. Þetta er síðasti skólanefndarfundur sem Lilja situr þar sem hún flytur búferlum í haust.

### 2. Staða ráðningar skólameistara

Lilja hefur verið í samskiptum við fulltrúa í Mennta- og menningarmálaráðuneyti varðandi ráðningu nýs skólameistara. Skemmst er frá því að segja að viðtöl við umsækjendur hafa enn ekki farið fram. Lilja spurði fulltrúa ráðuneytis hvort til stæði að viðtölin færu fram og var fullyrt að svo væri.

Daginn eftir skólanefndarfund varð ljóst að búið væri að bóka viðtöl við umsækjendur í næstu viku.

### 3. Rekstur

Jóney fór yfir ársreikning ársins 2016. Þar kom fram að rekstrarhalli ársins var 3,3 millj. kr. Fluttar fjárheimildir frá fyrri árum námu -6,9 millj. kr. og því var skuld skólans við Ríkissjóð í lok árs rúmlega 10 millj. kr.

Í máli Jóneyjar um núverandi stöðu kom eftirfarandi fram:

Ógreiddir reikningar skólans eru um 5,5 millj. kr.

Skólinn á nú 144 þús. kr. til ráðstöfunar.

Rekstrarkostnaður hefur lækkað um 7,1 millj. kr. frá fyrra ári.

Laun hafa lækkað um 7,7 millj. kr. (yfirvinna um 6,3 millj. kr.).

Skuld við Ríkissjóð hefur lækkað um 2 millj. kr. frá áramótum.

Í júníbyrjun má vænta framlags til fámennra skóla en það var 11,2 millj. kr. á síðasta ári.

Fram kom fyrirspurn um hvort gerðar hefðu verið breytingar á starfshlutföllum í ljósi rekstrarstöðunnar. Jóney svaraði því til að stjórnunarhlutfall hefði verið skert en stöðuhlutfall aðstoðarskólameistara lækkaði úr 75% í 65%. Einnig var fjármálastjóri áður í 50% starfi og ritari í 60% en sú staða var sameinuð í eina 90% stöðu. Jóney sagði jafnframt frá því að ákveðið hefði verið að bíða með dönskukennslu þetta skólaárið og safna frekar í stærri hópa næsta skólaár. Jafnframt greindi hún frá því að Gunnar Árnason sálfræðikennari myndi að öllum líkindum láta af störfum í vor. Ekki stendur til að ráða kennara í hans stað heldur taka þeir kennarar sem fyrir eru við áföngum hans.

Spurt var um húsnæðisnýtingu og hvort möguleiki væri á að ná inn auknum sértekjum með því að leigja út húsnæði skólans. Jóney svaraði því að engin augljós tækifæri lægju fyrir í þeim efnum.

Sigurgeir bað um að fá frá stjórnendum lykiltölur varðandi rekstur og nemendatölur sem hann gæti notað til þess að þrýsta á ráðamenn til að bæta stöðu skólans.

#### **4. Skólaárið 2017-2018**

Herdís fór yfir stöðuna í innritun en 17 nemendur fæddir árið 2001 hafa skráð FSH sem fyrsta val á framhaldsskóla. Þar af eru 15 nemendur úr Borgarhólsskóla. Í Borgarhólsskóla eru 24 nemendur í 10. bekk og því stefnir í að nýtingin úr Borgarhólsskóla verði 62,5%. Fjórir nemendur sækja um FSH sem val nr. 2 og fimm nemendur sækja hvorki um FSH sem val 1 eða 2. Enn er þó talsvert eftir af umsóknartímabilinu og því gætu innritunartölur átt eftir að breytast eitthvað. Jóney nefndi að 30 nemendur stefndu á útskrift og því myndi nemendum fækka á næsta skólaári.

Herdís kynnti nýja stokkatöflu sem tekin verður upp á næsta skólaári. Í nýrri töflu verða kennslustundir 45 mínútur í stað 60 mínútna auk þess sem teknar verða upp vinnustundir fimm sinnum í viku. Nemendur mæta í vinnustundir í hlutfalli við fjölda þeirra áfanga sem þeir eru skráðir í og nýta þær til að vinna þau verkefni sem fyrir liggja hverju sinni. Vonir standa til þess að 45 mínútna kennslustundir nýtist betur en 60 mínútna kennslustundir. Nemendum með frjálssa mætingu og vottorð verður gert að mæta í að minnsta kosti eina vinnustund á viku en með því móti ætti að vera hægt að fylgjast betur með framvindu náms og líðan hjá þessum nemendum.

Herdís kynnti skóladagatal næsta skólaárs. Þar er gert ráð fyrir vörðuvikum sitt hvorum megin við miðannarmat en vörðuvikur eru hluti af innleiðingu leiðsagnarmats í skólanum. Tilgangur leiðsagnarmats er að nemendur fái með reglulegum og skipulegum hætti upplýsingar um hvernig þeir standa í náminu og er vörðuvikum ætlað að gefa kennurum svigrúm til þess að sinna leiðsagnarmatinu sómasamlega. Í skóladagatali er jafnframt gert ráð fyrir fardögum í sömu viku og dillidagar verða haldnir, þ.e. í byrjun mars. Fardagar eru samstarfsverkefni þeirra skóla sem aðild eiga að Fjarmentaskólanum en á fardögum stendur nemendum til boða að fara á milli skóla og taka þátt í einingabærum smíðjum sem standa í þrjá daga.

Herdís kynnti nám fyrir leiðbeinendur á hvalaskoðunarbát sem til stendur að hefja næsta haust. Um er að ræða tvo áfanga. Sá fyrri fjallar um lífríki, staðhætti og menningu við Skjálfanda og verður kenndur á haustönn. Sá seinni fjallar um framkomu og stjórnun og verður kenndur á vorönn. Áfangarnir eru unnir í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga, Hvalasafnið á Húsavík og hvalaskoðunarfyrirtæki á svæðinu.

## 5. Önnur mál

Jóney sagði frá því að starfsdagar yrðu haldnir 29. og 30. mars. Þá munu kennarar sitja stutt námskeið um leiðsagnarmat. Skólinn fékk 600 þús. kr. styrk úr Sprotasjóði til þess að efla innleiðingu leiðsagnarmats og er námskeiðið hluti af því verkefni.

Jóney sagði frá því að FSH hefði lent í 17. sæti í könnun SFR á stofnun ársins. Þetta er svipuð niðurstaða og á síðasta ári.

Jóney greindi frá erindi um geðrækt sem Gunnar Árnason sálfræðikennari hélt í boði foreldrafélags FSH þann 3. maí sl.

Jóney sagði frá því að þann 23. maí yrði haldið erindi í sal Borgarhólsskóla til að kynna niðurstöður úr könnun Rannsóknna og greiningar sem haldin var í vetur og varðar vímuefnanotkun og líðan nemenda í Norðurþingi. Annars vegar var lögð könnun fyrir nemendur í grunnskólum Norðurþings og hins vegar í FSH.

Jóney greindi frá framkvæmdum sem standa fyrir dyrum í sumar en þá verða m.a. málaðar skrifstofur í kennaraálmú, skipt um glugga þar sem þarf o.fl.

Að lokum minnti Jóney á útskrift sem haldin verður í kirkjunni þann 27. maí kl. 14:00.

Fleira var ekki rætt,  
fundi slitið.